

LANDSFUNDUR 1991 - UNDIRBÚNINGUR:

A landsfundi Kvennalistans, sem haldinn var á Hrafnagili í Eyjafirði haustið 1990, var samþykkt að fela Reykjanesanga að sjá um landsfundinn árið 1991.

Framkvæmdanefnd Reykjanesanga ræddi undirbúning á fundum sinum, þegar liða tók á árið, en markviss undirbúningur hófst þó ekki fyrr en í seinni hluta ágústmánaðar. Þá fóru nefndarkonur að athuga með húsnæði og dagsetningar, og þykir undirritaðri rétt að koma hér með þá athugasemd, að betra væri að koma slikum málum á hreint fyrr en gert var að þessu sinni.

9. september boðaði framkvæmdanefnd allmargar konur til fundar, þær sem skyggst var eftir hugmyndum og tillögum að umfjöllunarefni á landsfundinum. Meðfylgjandi eru punktar frá þeim fundi, en þær voru líka kosnar 6 konur í undirbúningsnefnd, þær Bryndís Guðmundsdóttir, Dóra Hlin Ingólfssdóttir, Ella Kristín Karlsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Katrín Pálsdóttir. Undirrituð var síðan nefndinni til halds og trausts, sá um bréfasendingar og sitthvað, sem þurfti að snúast.

Pessi starfshópur hittist reglulega í nokkrar vikur, reyndar a.m.k. einu sinni í viku mestallan tímann frá því um miðjan september og fram að landsfundi. Konur skiptu með sér verkum að tala við framsögukonur og tónlistarflytjendur. Ástæða er til að taka það fram, að þótt nefndin teldi sig byrja það starf með mjög góðum fyrirvara tókst ekki að fullmóta dagskrá og hafa ýmislegt annað á hreinu nægilega fljótt til þess að hægt væri að kynna það í Fréttabréfi til allra Kvennalistakvenna. Það má því jafnvel leiða getum að því, að einhverjar hafi hreinlega ekki séð eða heyrт auglysingar og ekki áttar sig nágu vel á efni landsfundar. Þó skal minnt á, að undirbúnings var getið í tveimur Fréttabréfum sbr. meðfylgjandi ljósrit.

Í september var orðið ljóst, að fundarstaðurinn yrði í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi, og það kom svo í hlut Katrínar Páls að vera tengill við húsráðendur þar, semja um verð og aðra fyrirgreiðslu. Það gekk allt mjög vel að því

undanskildu, að við ofreiðnuðum gjörsamlega áhuga kvenna á þátttöku. Við reiknuðum með a.m.k. 100 þátttakendum, og við það var verótilboð og allur undirbúnin gur miðaður. Rænslan varð hins vegar allt önnur, og liklæga höfum við aldrei verið fleiri en 60 - 70, sem er alveg með ólíkindum fátt, þegar fundurinn er haldinn einmitt þar sem öll virkni og starfsemi Kvennalistakvenna hefur alltaf verið mest. Þessi lélega þátttaka er vitanlega meginástæða þess, að fundurinn var langt frá því að standa undir sér sbr. meðfylgjandi reikningsskil. Þó þótti mörgum Kvennalistakonum þáttökugjaldið of hátt, en það var kr. 6.000 og skiptist þannig: Jöfnunargjald 1.000, húsaleiga 800, matur á laugardag 1.400, laugardagskvöld 1.800 og matur á sunnudag 1.000. A föstudagskvöld var karfa látin ganga og konur beðnar að láta a.m.k. 300 kr. af hendi rakna. Þær sem síðan komu til skráningar á laugardagsmorgun og höfðu greitt 300 kr. kvöldið áður fengu þær drøgnar frá, ef þær keyptu allan pakkann, en það var sem sagt hægt að greiða hvern matarlið fyrir sig, og fengu konur miða til afhendingar fyrir mat. Allar greiddu hins vegar jöfnunargjald og húsaleigu.

Yfírskrift landsfundar var í samræmi við meginefni hans: "Spinnum þráð í velferðarvefinn", kvenlegt og bjartsýnt slagorð að sjálfsögðu. Það fæddist hins vegar alltof seint, og síðari tima undirbúningskonum skal bent á að móta slagorð eða yfírskrift fundarins alllöngu fyrirfram, svo hægt sé að nýta það vel til kynningar og auglýsinga.

Vel á minnst - kynningar og auglýsingar - það atriði þarf góðan fyrirvara, enda andstygglega dýr liður, sem þarf að skila árangri. Undirbúa þarf fréttatilkynningar og auglýsingar í blöð, útvarp og á skjá eftir ástæðum. Sérstaklega þarf að undirbúa auglýsingu í dagblöð með góðum fyrirvara, ef um slikt er að ræða. Framkvæmdin að bessu sinni var ekki til fyrirmynðar. Undirrituð sat uppi með málið á allra síðustu stundu og hringdi skelfingu lostin í Gerlu daginn áður en skila átti auglýsingu í Morgunblaðið viku fyrir landsfund. Gerla brást við hetjulega og hannaði auglýsingu á einu kvöldi, en létt þess hógværlega setið, að hún bæði um meiri fyrirvara næst!!! Sjá árangurinn á meðfylgjandi ljósritum.

Ymislegt, sem muna þarf eftir við lokaundirbúning:

Útvega fundarstjóra og ritara

Athuga með skreytingu fundarsalar, borða, plaköt, blóm o.fl.

Hafa öll gögn tilbúin til afhendingar við innritun.

X Lög Kvænnalistans

X Starfssreglur Kvl.

Myndvarpi

Tölva X?

→ Ljósritunarvél

Pappír

X Söluvarningur

X Stefnuskrár.

Meðfylgjandi fylgiskjöl eru:

Fundargerð hugstormsfundar 9. sept. '91.

Ljósrit úr Fréttabréfum um landsfundinn.

Bréf til anga.

Fréttatilkynning um fundinn.

Afrit af auglýsingum í útvarpi og Mbl.

Með kveðju og von um að þessi pistill nýtið síðari tímá undirbúningsnefndum,

Kristín Halldórsdóttir
Kristín Halldórsdóttir.